



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

SAGA (SAG2A06)

Háskólabró

Áfangalýsing

Nemendur kynnast sögu mannkyns, þ.m.t. Íslands, frá lokum 18. aldar til líðandi stundar. Í áfanganum er kennslubók lögð til grundvallar sem ákveðinn grunnur en nemendur öðlast ákveðna dýpt í hverjum þætti með heimildaleit og verkefnavinnu sem henni tengist. Þar sem stór hluti þess tímabils sem fjallað er um er nálægt samtímanum í tíma er lögð mikil áhersla á að nemendur afli sér fjölbreyttra heimilda allt frá bókum og tímaritsgreinum til kvikmynda, listaverka og vefsíða. Nemendur eiga að meta gildi þeirra með gagnrýnum hætti og nýta heimildir bæði til að leysa verkefni og setja atburði úr samtímanum í sögulegt samhengi. Nemendur eiga einnig að þekkja nokkur grundvallaratriði í vinnubrögðum sangfræðinga, svo sem rétta notkun heimilda, sem og nokkur hugtök úr söguspeki. Áhersla er lögð á fjölbreytt verkefni og námsmat. Nemendur munu ýmist gera stór verkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni til að rannsaka ofan í kjölin, eða minni verkefni. Ýmist er um hóp- eða einstaklingsverkefni að ræða og eru verkefni metin af kennara, nemendum sjálfum eða samnemendum eftir atvikum.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi.

Þrep

Áfanginn er á 2. þrepi.

Einingafjöld:

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægum atriðum í Íslands- og mannkynssögu frá lokum 18. aldar til samtímans
- helstu áhrifavöldum og hugtökum mannkynssögunnar og skilja áhrif þeirra
- áreiðanleika ólíkra heimilda og mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- mismunandi aðferðum við að miðla þekkingu sinni
- nokkrum undirgreinum sögunnar og hugtökum í sagnfræði t.d. félagssögu, kvennasögu, listasögu, hagsögu, minni, huglægni, hlutlægni o.s.frv.

- notkun sagnfræðilegra vinnubragða
- því hvernig samfélag nútímans hefur mótast af sögunni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita sagnfræðilegum vinnubrögðum í verkefnum með fjölbreyttum hætti
- leita sér heimilda og þjálfast í meðferð þeirra
- meta gildi og áreiðanleika ólíkra heimilda
- nýta frumheimildir og eftirheimildir í verkefnavinnu
- greina orsakir mikilvægra atburða í mannkynssögunni og afleiðingar þeirra
- beita gagnrýninni hugsun og rökstyðja skoðanir sínar
- vinna í misstórum hópum og bera ábyrgð á eigin verkefnum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rökstyðja á gagnrýninn hátt hvernig mannkynssagan hefur mótast
- afla upplýsinga í heimildum og draga ályktanir af þeim
- greina sögulegan uppruna samtímafyrirbæra
- beita gagnrýninni hugsun í þekkingaröflun og leggja sjálfstætt mat á söguleg álitamál
- vinna sjálfstætt að sögulegum rannsóknum og miðla niðurstöðum með ólíkum hætti
- skilja hvernig samfélagið mótast af sögunni
- geta beitt gagnrýninni hugsun á markvissan hátt

Námsmat áfangans:

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaeinkunnar.